



RIFINE

STEINEFNASPARTL

VÖRULÝSING

Rifine er fjölhæft, náttúrulegt og hágæða kalkspartl án allra plastefna. Það er afar auðvelt í notkun og er einstaklega fallett komið á flötinn. Rifine er frábær lausn til að sameina kröfur nútímans um ekta jarðefnaútlit, styrkleika og umhverfismild áhrif. Rifine státar af sannfærandi náttúrulegu steinútliti og upplifun við snertingu og færir jafnvægi inn í húsið. Það er því einkar vinsælt meðal almennings jafnt sem arkitekta og hönnuða sem gera miklar útlitskröfur.

Rifine hentar á vegg í þurrarýmum innanhúss og getur gefið óteljandi útlitsmöguleika, ýmist matta eða gljáandi og fæst í mörgum jarðlitum. Ein til tvær umferðir eru settar á flötinn. Unnt er að fá fram meiri litadýpt og lifandi litatóna með skyggingaraðferð. Mögulegt er að vinna með spartlið yfir langan tíma (hefur langan opinn tíma) til að ná fram „ekta“ mínéralískri áferð á veggflötinn sem spilar fallega með hvaða hönnunarstíl sem er.

BLÖNDUN

Rifine kemur á hvítu duftformi í 16 kg umbúðum. Við val á litum er oftast notað 1,25-7,5% af sérstöku litarefni á duftformi (prósentan er þyngdarhlutfall litarefnis miðað við Rifine efnið) en litirnir eru staðlaðir litir í Rifine litakorti. Blanda má litum saman innbyrðis. Litarefni eru afgreidd í 400 g pökkum þar sem 1 pakki fer í 16 kg dufts til að fá 2,5% litarinnihald. Mögulegt er að minnka eða bæta við litstyrkinn (allt að 7,5%) til að fá þéttari og dýpri litatóna.

Við litun skal ætíð byrja á að leysa litarduftið upp í vatni ofan í tómrí Rifine fötunni. Rifine kalkduftinu er síðan hrært út í litablönduna. Vélhrærið í 5-8 mínútur eða þar til mjúk, einsleit blanda fæst. Bætið við vatni og hrærið aftur sé þess talin þörf, en það fer eftir því vinnulagi sem nota skal. Blandið alltaf nægilegt magn í einu fyrir allan flötinn. Ef þörf er á skal hræra upp eða bæta smá vatni í og hræra þá aftur. Athugið að ef meira vatni er bætt í getur það haft áhrif á litinn. Þornunartími fer eftir vatnsmagni og spartlþykkt á vegg.

UNDIRLAG

Rifine hentar á fleti sem eru þéttir og fastir í sér, s.s. steypu, málaða fleti og plötur (gifsplötur, vatnspolið MDF o.fl.). Undirlag skal vera hreint, þurrt og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Þrífið óhreina fleti vandlega með Nordsjö Málartvätt og vatni. Glansandi yfirborð, t.d. flísar, skal matta með grófum sandpappír. Öll samskeyti ætti að yfirlíma fyrst með trefjastyrktum borða til að forðast sprungumyndun. Notið ætíð Stuc Primer til að fá hámarksviðloðun og hagkvæmni í vinnslu.

SPÖRTLUN OG LÖKKUN

Rifine er borið á með spartlspöðum. Fyrri lagið er sk. skraplag (mjög þunnt lag) en seinna lagið gefur meiri karakter og dýpt. Fyrri lagið þarf að vera alveg þurrt áður en farið er í seinni umferðina.

Rifine má verja gegn blettum og óhreinindum vegna snertingar með Stoopan & Meeus Uniwall 1KPU Gloss/Matt lakki eða Uniwall vaxi. Lökkin eru sett á í þunnu lagi með sk. krossstækni með þunnri lakkrúllu (5mm). Vaxið er einnig sett á í þunnu lagi með spartlspaða. Vaxið má pússa upp með bónpúða eftir á til að auka gljáann.

Stoopan & Meeus mælir eindregið með að gera prufur á efninu áður en það er borið á flötinn.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Hvítt duft	Viðloðun	Afar góð á Stuc Primer
Undirlag	Þurrt og stöðugt, ekki hætt við flögnun	Þornunartími	6 klst, fer eftir aðstæðum. Má lakka um leið og þurrt er
pH	11-12	Endanleg hörðun	Full harka næst á 2-3 mánuðum
Vatnsnotkun	+/- 0,35 l/kg, fer eftir undirlagi, vinnulagi og lit	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti skal vera á bilinu 8-25°C
Umferðafjöldi	1-2, fer eftir undirlagi og óskaðri áferð	Geymslupól í lokuðum umbúðum	Að lágmarki 12 mánuðir í lokuðum umbúðum
Efnisnotkun	0,75 kg/m² af þurrdufti í umferð, fer eftir vinnulagi og undirlagi	Vinnslutími / Geymslutími	Eftir blöndum getur efnið þykknað aðeins. Blanda er nothæf í nokkrar vikur við góð geymsluskilyrði
Áhöld	Steinefnaspartlspaði úr ryðfríu stáli	Hreinsun áhalda	Vatn

REIKNITAFLA

Litarefni	1 kg	2 kg	4 kg	6 kg	8 kg	16 kg
1,25%	12,5 g	25 g	50 g	75 g	100 g	200 g
2,5%	25 g	50 g	100 g	150 g	200 g	400 g
5%	50 g	100 g	200 g	300 g	400 g	800 g
7,5%	75 g	150 g	300 g	450 g	600 g	1200 g

Vatn

1 kg	2 kg	4 kg	6 kg	8 kg	16 kg
0,35 l	0,7 l	1,4 l	2,1 l	2,8 l	5,6 l

ATHUGIÐ

Blandið Rifine utandyrá eða tryggjið góða loftræstingu við blöndunina. Rifine er mjög basískt og notið því hanska/hlífðarfatnað/ augnhlíf/andlitshlíf. **HÆTTA:** Veldur alvarlegum augnskaða. **BERIST EFNIÐ Í AUGU:** Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið strax lækni. **VARÚÐ:** Veldur húðertingu. Getur valdið ertingu í öndunar-færum. **EFTIR INNÖNDUN:** Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. Geymið þar sem börn ná ekki til. Sjá ítarlegri upplýsingar í öryggisblöðum.

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.